

FORN VINNUBRÖGÐ Í TRÉ & JÁRN

MÁLÞING UM FORN VINNUBRÖGÐ Í TRÉ OG JÁRN,
HANDVERKSKUNNÁTTU OG HAGLEIKSSMÍÐI Í
MINNINGU

**GUNNARS
BJARNASONAR**

(1949-2014)

Í ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS 25. SEPTEMBER 2019

Í nokkrum erindum og myndum verður sagt frá störfum Gunnars heitins Bjarnasonar húsasmíðameistara en hann hefði orðið 70 ára í ágúst á þessu ári. Brugðið verður upp myndum úr ævistarfi Gunnars og af nokkrum verka hans, sýndar teikningar, verkfæri hans kynnt og hugleiðingar hans og rannsóknir á verkmenningu fyrri alda. Flutt verða erindi um nokkur verka hans og samstarf þeirra sem að því komu.

- 13 15** **Ávarp** KRISTÍN HULD SIGURÐARDÓTTIR, forstöðumaður Minjastofnunar.
- 13 30** ÞORSTEINN GUNNARSSON, arkitekt, segir frá **Auðunarstofu** á Hólum í Hjaltadal, sem reist var á 14. öld og stóð í 500 ár uns hún var rifin. Húsið var endurbyggt og tekið í notkun á ný árið 2002.
- 13 45** ÞORSTEINN BERGSSON, framkvæmdastjóri Minjaverndar hf., fjallar í stuttu máli um starfsemi félagsins og verkefni þess, **varðveislu byggingararfs** og handverkskunnáttu og kynni sín og samstarf við Gunnar Bjarnason.
- 14 00** STEFÁN ÖRN STEFÁNSSON, arkitekt, segir frá tilgátunni um **Eiríksstaði** í Haukadahl, Þjóðhildarkirkju og skálann í Brattahlíð á Grænlandi sem öll voru reist um aldamótin.
- 14 15** **Leiðsögn** um sýninguna og í framhaldi verður sýnd stutt mynd m.a. um smíði timburverksins í Eiríksstaðabænum sem fram fór í skemmu í Kópavogi og fleiri verk sem Gunnar kom að.
- 14 45** ATLE OVE MARTINUSSEN, sagnfræðingur og forstöðumaður Vestnorsk kulturakademi í Voss í Noregi, fjallar um samstarf þeirra **Gunnars í Noregi** og við Auðunarstofu og stöðu fornrar verkmenningar þar með tilliti til varðveislu menningarminja.
- 15 15** INGI BOGI BOGASON, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, segir frá því hvernig **tengja megi eldri handverksþekkingu** við iðnnám nútímans.
- 15 30** SIGRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR, sagnfræðingur, segir frá uppbyggingu **Fornverkaskólans** og tengslum hans við iðnnám við Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki.
- 15 45** **Slit** málþingsins MARGRÉT HALLGRÍMSDÓTTIR, þjóðminjavörður.

Stjórnandi málþingsins: Málfríður Finnbogadóttir

Að málþinginu loknu verða almennar umræður og léttar veitingar.

Að málþinginu standa: Vinir og samstarfsmenn Gunnars, Minjastofnun Íslands og Þjóðminjasafn Íslands.
Samtök Iðnaðarins og Byggingin veittu fjárstyrk til verkefnisins.

Bakgrunnsmyndin eru för slynghögsaxar.